

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga (S-52/2019)

Drög að frumvarpi til nýrra lyfjalaga voru sett inn á Samráðsgátt til umsagnar 21. febrúar 2019 með umsagnarfresti til 03. mars 2019. Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Landssamtök sauðfjárbænda mótmæla því harðlega að lyfsöluleyfi verði tekið af dýralæknum. Slíkt mun hafa ófyrirséðar afleiðingar á dýravelferð, draga verulega úr matvælaöryggi og ógna stöðu dýrasjúkdóma.

Landssamtök sauðfjárbænda lýsa yfir áhyggjum af fyrirætlunum um að verðlagning dýrallyfja verði gefin frjáls. Slíkt gæti leitt til hækkana á bóluenum og sníkjudýrallyfjum, sem bera lægri álagningu í núgildandi lögum.

Landssamtök sauðfjárbænda lýsa furðu sinni yfir því að í greinagerð með frumvarpinu er hvergi fjallað um ástæðu þess að gerðar eru svo umfangsmiklar breytingar á lögum hvað varðar lyfsöluleyfi dýralækni og hvað þá síður að fjallað sé um þau áhrif sem slík breyting hefur í för með sér.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður